

**GJALDSKRÁ****89**  
21. sept.

fyrir

**rafveituna á Akranesi.****1. gr.**

Fyrir hverja heimtaug sem tekin er í samband við aðaltaugar rafveitunnar, skal um leið greiða:

Fyrir tíu lampastæði eða færri kr. 100 — eitt hundrað krónur —, og fyrir hvert lampastæði, sem er fram yfir tíu, kr. 10 — tíu krónur. —

**2. gr.**

Verð á rafmagni skal fyrst um sinn vera 85 aurar fyrir kilowattstund, og 2 krónur á mánuði fyrir hvern notanda er mæli hefir yfir starfstímann.

Rafveitustjórn er heimilt með samþykki hreppsnefndar að hækka eða lækka verð þetta um 20% án samþykkis stjórnarráðsins, eftir því hvernig stöðin ber sig.

Verð fyrir rafmagn til götu og hafnarlýsingar, ákveður rafveitustjórn í samráði við hreppsnefnd.

**3. gr.**

Rafmagnsgjaldið greiðist eftir hvern mánuð. Sje gjaldið eigi greitt innan 5 daga eftir að hlutaðeigandi hefir verið krafinn þess, má slíta sambandi við hann eftir skriflegri tilkynningu.

**4. gr.**

Gjöld fyrir rafmagn má taka lögtaki.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir samið og samþykkt staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. sept. 1926.*

**Magnús Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*